



GLÁMA · KÍM

Reykjavík, 02.03.2016

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Naustreits 1.132.1 sem samþykkt var í borgarráði 03.04.2008**

Höfundar deiliskipulagsins eru Gláma Kím Arkitektar Laugavegi 164 ehf.

Breytingin felst í því að bætt er við texta í kaflanum "Bílastæði".

**Texti í gildandi skilmálum er svohljóðandi:**

Almennt er gert ráð fyrir sem flestum bílastæðum neðanjarðar en þau stæði sem eru ofanjarðar skulu fá grænt yfirbragð. Staðsetning bílastæða og innkeyrslurampa er ekki bindandi. Gera skal grein fyrir henni á aðaluppdráttum. Gert er ráð fyrir a.m.k. einu bílastæði á hverja íbúð í nýbyggingum í bílakjallara. Heimilt er að gera fleiri bílastæði.

**Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:**

*Almennt er gert ráð fyrir sem flestum bílastæðum neðanjarðar en þau stæði sem eru ofanjarðar skulu fá grænt yfirbragð. Staðsetning bílastæða og innkeyrslurampa er ekki bindandi. Gera skal grein fyrir henni á aðaluppdráttum. Gert er ráð fyrir a.m.k. einu bílastæði á hverja íbúð í nýbyggingum í bílakjallara. Fyrir gististarfsemi er gerð krafa um eitt bílastæði á hverja 120 m<sup>2</sup>. Fyrir aðra atvinnu/þjónustustarfsemi er gerð krafa um eitt bílastæði á hverja 50 m<sup>2</sup>. Verði ekki unnt að koma fyrir á lóðinni þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um skal greiða fyrir þau stæði sem á vantar sbr. Gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir bílastæðagjald.*

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og skipulagsráði þann 24. ágúst 2016 og í

Borgarráði þann 1. sept. 2016.

Tillagan var auglýst frá 1. júlí 2016 með athugasemdafresti til 12. ágúst 2016.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2016.

*Björn Atli*